6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera hreppstjóri Reykdælahrepps, ef hann er búsettur í Laxárdal, en annars skal hreppsnefndin í Reykdælahreppi kjósa endurskoðanda, sem búsettur er í Laxárdal.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

17. september 1974. Nr. 284.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1974.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1974, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 20 000.00
II. flokkur	.....	— 16 000.00
III. flokkur	.....	— 12 000.00
IV. flokkur	.....	— 8 000.00
V. flokkur	.....	— 4 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur Apótek.

II. flokkur: Akureyrar Apótek,
Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs Apótek.

III. flokkur: Hafnarfjarðar Apótek,
Holts Apótek,
Ingólfs Apótek,
Stjörnu Apótek,
Vesturbæjar Apótek.

IV. flokkur: Akranes Apótek,
Borgar Apótek,
Garðs Apótek,
Háaleitis Apótek,
Ísafjarðar Apótek,
Kópavogs Apótek,
Laugarnes Apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss Apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Neskaupstaðar,
Apótek Vestmannaeyja,
Árbæjar Apótek,
Borgarnes Apótek,
Dalvíkur Apótek,
Húsavíkur Apótek,
Patreks Apótek,
Sauðárkróks Apótek,
Siglufjarðar Apótek,
Stykkishólms Apótek.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins,
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.,
Lyfjaverslun ríkisins,
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson h/f,
Hermes s/f,
Pharmaco hf.

III. flokkur: H. Ólafsson & Bernhöft,
Lyf s/f.

5. gr.

Héraðslæknar sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt 5. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. desember 1974. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.